

**Upplýsingar um íþróttakennslu í grunnskólum
skólaárið 1999/2000**

***Menntamálaráðuneytið
Júní 2000***

Menntamálaráðuneytið: Skýrslur og álitsgerðir 16

Júní 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun: XYZeta
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Úmbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-56-5


Myndaskrá

Mynd 1. Svörun við spurningalista, eftir landshlutum	5
Mynd 2. Hlutfall grunnskóla sem verja að lágmarki 30 kennslustundum til sundkennslu skólaárið 1999/2000.....	6
Mynd 3. Hlutfall grunnskóla sem verja að lágmarki 20 kennslustundum til sundkennslu skólaárið 1999/2000.....	6
Mynd 4. Fyrirkomulag sundkennslu grunnskóla skólaárið 1999/2000	7
Mynd 5. Fjöldi nemenda að jafnaði í sundi á hvern sundkennara í grunnskólum skólaárið 1999/2000.....	8
Mynd 6. Íþróttakennsla grunnskóla skólaárið 1999/2000	9
Mynd 7. Hlutfall nemenda með undanþágur frá íþróttá- og/eða sundkennslu í grunnskólum skólaárið 1999/2000, eftir landshlutum	9

Undir lok árs 1999 barst menntamálaráðuneytinu erindi frá Íþróttakennarafélagi Íslands þar sem óskað var eftir því að gerð yrði úttekt á fjölda nemendastunda í skólaþróttum og þá sérstaklega sundi í grunnskólum landsins. Féllst ráðuneytið á að framkvæma ofangreinda úttekt og fara niðurstöður hennar hér á eftir.


Útbúinn var stuttur spurningalisti þar sem óskað var upplýsinga um íþróttakennslu í grunnskólum skólaárið 1999/2000. Var listinn sendur til allra grunnskóla landsins, sem eru tæplega 200 talsins. Svörun var nokkuð mismunandi eftir landshlutum en góð þegar á heildina er litið eða 84% (sjá mynd 1).

Mynd 1 . Svörun við spurningalista, eftir landshlutum




Í reglugerð nr. 395/1986 um sundnám grunnskóla er kveðið á um að nemendum skuli ætlað sundtíma í stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku. Nemur það u.þ.b. 30 kennslustundum á skólaári til sundkennslu. Jafnframt er þó kveðið á um að hver nemandi skuli eiga kost á 180 kennslustundum í sundi í 1. til 9. bekk ef aðstæður krefjast þess. Nemur það 20 kennslustundum í sundi að jafnaði á ári að lágmarki. Samkvæmt niðurstöðum úttektar ráðuneytisins uppfyllir sundkennsla 28% íslenskra grunnskóla ekki ákvæði um u.þ.b. 30 kennslustundir að jafnaði á skólaárinu 1999/2000 (sjá mynd 2).

Mynd 2. Hlutfall grunnskóla sem verja að lágmarki 30 kennslustundum til sundkennslu skólaárið 1999/2000



Ef hins vegar er miðað við að aðstæður grunnskóla séu þannig að hann geti einungis veitt nemendum sínum 20 sundtíma á skólaárinu, lækkar hlutfall þeirra skóla sem uppfylla ekki ákvæði reglugerðar úr 28% niður í 15% (sjá mynd 3).

Mynd 3. Hlutfall grunnskóla sem verja að lágmarki 20 kennslustundum til sundkennslu skólaárið 1999/2000




Langflestir þeirra skóla sem uppfylla ekki ofangreint lágmark um 20 sundtíma skólaárið 1999/2000 eru staðsettir í Reykjavík, eða 50%. Næstflestir eru á Austurlandi (21%), á Reykjanesi (12%), Vesturlandi (8%), Norðurlandi vestra (4%) og Norðurlandi eystra (4%). Engin tilvik komu fram á Vestfjörðum né á Suðurlandi.

Sérstaka athygli vekur að samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar veitir enginn grunnskóli í Hafnarfirði nemendum sínum sundkennslu í 1. bekk. Þar að auki veita sömu skólar iðulega ekki sundkennslu í 10. bekk. Rétt er þó að taka fram að í 2. til 9. bekk veita viðkomandi skólar fullnægjandi sundkennslu.


Sundkennsla er ýmist skipulögð með vikulegum kennslustundum á skólaárinu eða á tímabundnum námskeiðum að vori eða hausti. Algengast er að yngstu aldurshópunum sé kennt sund á námskeiðum og jafnframt þurfa þeir skólar sem eru fjarri sundlaugum iðulega að beita því fyrirkomulagi fyrir eldri nemendur einnig. Almennt má þó segja að sundnámskeið í grunnskólum séu algengust hjá yngstu aldurshópunum en síðan taki vikulegir sundtímar við í sífellt auknum mæli (sjá mynd 4).

Mynd 4. Fyrirkomulag sundkennslu grunnskóla skólaárið 1999/2000



Þegar fyrirkomulag sundkennslu er skoðað eftir landshlutum kemur nokkur mismunur í ljós. Einkum skera Austurland og Suðurland sig úr, en samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar fer sundkennsla Austfirðinga í grunnskólum eingöngu fram á námskeiðum hjá öllum aldurshópum en Sunnlendingar kenna lítið á námskeiðum, jafnvel hjá yngstu aldurshópunum. Að þessum tveimur landshlutum frátöldum kemur í ljós að 62% grunnskóla kenna nemendum í 1. bekk sund á námskeiði. Samsvarandi hlutfall fyrir grunnskólabörn í 2. bekk er 56% og í 3. bekk er hlutfallið 49%. Hlutfall grunnskóla sem kenna sund á námskeiðum er lægst í 10. bekk, eða 32%. Námskeið fyrir eldri aldurshópa grunnskólabarna eru algengust í Reykjavík en afar lítil munur er þó á milli landshluta í þeim efnum, fyrir utan Austfirði.

Mynd 5. Fjöldi nemenda að jafnaði í sundi á hvern sundkennara í grunnskólum skólaárið 1999/2000




Í reglugerð 395/1986 um sundnám grunnskóla segir í 3. grein að í „hverjum sundhópi skulu að jafnaði vera 15 nemendur hjá einum kennara í hverjum 40 mínútna sundtíma“. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar uppfylla 82% grunnskóla ákvæði reglugerðarinnar með því að hafa sundhópa með 15 nemendum eða færri. Hins vegar kenna 18% grunnskóla sund í hópum með 16 nemendum eða fleiri. Langflestir þeirra grunnskóla sem kenna sund í of stórum hópum eru á Reykjanesi, eða 46%. Næstflestir eru á Norðurlandi eystra (17%) og síðan kemur Suðurland (13%), Vestfirðir og Vesturland (8% hvort). Fæst eru tilvikin á Norðurlandi vestra og í Reykjavík.

Í auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 437/1996 eru tilteknar ákveðnar viðbætur á aðalnámskránni frá 1989, þ.á.m. vikulegur kennslutími nemenda eftir greinum. Þar er tiltekið að nemendur á grunnskólaaldri skuli fá 3 kennslustundir að meðaltali á viku í skólaíþróttum á skólaári. Kemur þetta einnig fram í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla frá 1999 (íþróttir, líkams- og heilsurækt), þar sem segir að skylt sé að veita hverjum nemanda að lágmarki 3 kennslustundir í íþróttum í hverri viku skólaársins. Þar af skal ætla a.m.k. einn sundtíma á stundaskrá skóla í hverri viku skólaársins, ef aðstæður leyfa, líkt og áður hefur komið fram. Því er ljóst að til að uppfylla ákvæði aðalnámskrár um íþróttakennslu þurfa grunnskólar að verja um 60 stundum á skólaárinu, sem samsvarar u.þ.b. tveim tímum á viku, í íþróttir allt skólaárið.

Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar kenna 86% grunnskóla yfir 60 stundir í íþróttum skólaárið 1999/2000 (sjá mynd 6). Því eru 14% grunnskóla sem kenna færri en tvo íþróttatíma vikulega á skólaárinu. Flestir þeir grunnskólar sem ná ekki 60 íþróttatímum eru á Suðurlandi, eða 33%. Næst koma Norðurland eystra og Vesturland (17% hvort), og þá Reykjavík og Austurland (13% hvort). Fæst voru tilvikin á Vestfjörðum þar sem enginn grunnskóli kenndi færri en 60 íþróttatíma skólaárið 1999/2000.


Mynd 6. Íþróttakennsla grunnskóla skólaárið 1999/2000



Ávallt er það svo að einhver hluti grunnskólanemenda þarf af einhverjum ástæðum að fá undanþágu frá íþrótt- og/eða sundkennslu. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar eru það í miklum meirihluta tilvika læknað sem veita undanþágur frá íþrótt- og/eða sundkennslu í grunnskólum, eða í 80% tilvika. Skólastjórar veita undanþágur í 19% tilvika.

Að teknu tilliti til nemendafjölda kemur í ljós að á Norðurlandi eystra eru hlutfallslega flestir nemendur með undanþágu frá íþrótt- og/eða sundkennslu, eða um 1,9% nemenda. Næst koma Reykjanes og Suðurland bæði með 1,8% nemenda á undanþágu, þá Reykjavík með 1,3% og Vestfirðir með 1,2%. Hlutfallslega voru mun færri undanþágutilvik á Norðurlandi vestra, Austfjörðum og Vesturlandi (sjá mynd 7).

Mynd 7. Hlutfall nemenda með undanþágur frá íþrótt- og/eða sundkennslu í grunnskólum skólaárið 1999/2000, eftir landshlutum



Samantekt

Niðurstöður úttektar menntamálaráðuneytisins á íþróttakennslu í grunnskólum skólárið 1999/2000, þar sem 84% grunnskóla landsins tóku þátt, leiða í ljós að 28% grunnskóla kenna færri en 30 sundtíma á skólaárinu, þ.e. kenna færri sundtíma en nemur u.þ.b. einum tíma á viku á skólaárinu. Þá kenna 15% grunnskóla færri en 20 sundtíma á skólaárinu. Af þeim skólum sem kenna færri en 20 tíma er réttur helmingsur í Reykjavík.

Sérstaka athygli vekur að samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar veitir enginn grunnskóli í Hafnarfirði nemendum sínum sundkennslu í 1. bekk. Þar að auki veita sömu skólar iðulega ekki sundkennslu í 10. bekk. Rétt er þó að taka fram að í 2. til 9. bekk veita viðkomandi skólar fullnægjandi sundkennslu.

Um fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum má almennt segja að yngstu nemendum sé yfirleitt kennt á tímabundnum námskeiðum en eftir því sem nemendur eldast verða vikulegir sundtímar algengari. Yfirleitt var lítill munur á milli landshluta í þessum efnum. Þó vekur athygli að sundkennsla Austfirðinga virðist eingöngu fara fram á námskeiðum hjá öllum aldurshópum, en á hinn bóginn skera Sunnlendingar sig nokkuð úr varðandi hversu lítið virðist kennt á námskeiðum, jafnvel hjá yngstu aldurshópunum.

Um 18% grunnskóla hafa fleiri en 15 nemendur á hvern sundkennara, sem eru of stórir hópar samkvæmt reglugerð um sundnám grunnskóla nr. 395/1986. Af þeim grunnskólum sem kenna sund í of stórum hópum skólárið 1999/2000 eru 46% á Reykjanesi, 17% á Norðurlandi eystra og 13% á Suðurlandi.

Þegar skoðuð er íþróttakennsla (leikfimi) grunnskóla kemur í ljós að 14% þeirra kenna færri en 60 kennslustundir skólaárið 1999/2000, þ.e. færri en u.þ.b. 2 tíma vikulega, líkt og kveðið er á um í auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 437/1996. Af þeim skólum sem verja of litlum tíma í íþróttakennslu eru 33% á Suðurlandi, 17% á Norðurlandi eystra, 17% á Vestfjörðum og 13% í Reykjavík.

Undanþágur frá íþrótt- og/eða sundkennslu eru í miklum meirihluta tilvika (80%) veittar samkvæmt læknisvottorði. Að öðrum kosti eru undanþágur veittar af skólastjórum.